

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 39/2012

2012/EES/43/06

frá 30. mars 2012

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 750/2010 frá 7. júlí 2010 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir tiltekin varnarefni í og á tilteknum afurðum ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„– **32010 R 0750**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 750/2010 frá 7. júlí 2010 (Stjtið. ESB L 220, 21.8.2010, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32010 R 0750**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 750/2010 frá 7. júlí 2010 (Stjtið. ESB L 220, 21.8.2010, bls. 1).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 750/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 8, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 220, 21.8.2010, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.